

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem falla undir 4. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hverja klukkustund skal vera eftirfarandi án vsk:

- | | |
|--------------------------|------------|
| a) Fyrir sérfræðinga I | kr. 14.950 |
| b) Fyrir sérfræðinga II | kr. 13.350 |
| c) Fyrir sérfræðinga III | kr. 11.750 |

2. gr.

Skordýra- og sveppagreiningar.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir greiningu á skordýrum og sveppum samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 2.900 fyrir skordýragreiningu til almennings.

Gjaldið skal vera kr. 5.700 fyrir sveppagreiningu til almennings.

3. gr.

Útgáfa rita.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir útgáfu rita samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hvert rit skal vera eftirfarandi án vsk:

- | | |
|--|-----------|
| a) Fyrir fjölrít Náttúrufræðistofnunar | kr. 1.700 |
| b) Fyrir Blika | kr. 2.000 |

4. gr.

Útflutningsleyfi fyrir rannsóknarsýni.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald vegna útgáfu á útflutningsleyfi fyrir rannsóknarsýni samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 41.870.

5. gr.

Útflutningsleyfi fyrir minjagripi og uppstoppuð dýr.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald vegna útgáfu á útflutningsleyfi til almennings fyrir minjagripi og uppstoppuð dýr samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 5.960.

6. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 385/2017 fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. apríl 2018.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Stefán Guðmundsson.